í teikningu við Menntaskólann í Rvík. K. 19. 5. 28 Guðný, f .13. 5. 03, Elísdóttir kaupm. í Rvík Jónssonar.

**Finnur Jónsson**, f. 28. 9. 94 á Harðbak á Sljettu. For. J. Friðfinnsson, b. þar og á Eyrarlandi í Akureyrarkaupstað, Jósefssonar, og k. Þuríður Sigurðardóttir b. í Miðkoti í Svarf.dal Jónssonar. Gagnfr. Ak. 1910. Póstþjónn Ak. 1910—18, verzlm. Ak. 1919—20. Póstmeistari Ísaf. 1920—32. Bæjarftr. 1921 og síðan. Alþm. Ísafj.kaupst. 1934 og síðan. Frkvstj. Samvinnufjel. Ísfirð. frá stofnun þess 1928. Form. Síldarútvegsnefndar 1935—41. Í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins 1936 og síðan. Form. sjávarútvegsn. Nd. Alþ. 1934 og síðan. Í stjórn Alþýðusambands Íslands mörg ár. Setið í stjórnum verklýðsfjelaga, og flest árin sem formaður. Skip. í útflutningsnefnd ríkisins haustið 1939. K. 1914 Auður, f. 2. 4. 90, d. 20. 6. 35, Sigurgeirsdóttir b. á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal, d. 1912 á Ak., Indriðasonar.

**Finnur Sigmundsson**, f. 17. 2. 94 á Ytrahóli í Kaupangssveit, Eyf. For. S. b. þar Björnsson og k. Friðdóra Guðlaugsdóttir b. á Þröm Jóhannessonar. Stúd. 1922. Mag. art. í ísl. fræðum 1928. Starfsmaður við Landsbókasafnið síðan 1929, 1. bókavörður frá 1. 6. 43. K. 1. 3. 24 Kristín Aðalbjörg, f. 4. 3. 98, Magnúsdóttir b. á Bitru í Eyf. Tryggvasonar.

**Finnur Thordarson**, f. 6. 1. 54 á Stuðlanesi í Barð. For. Þ. b. þar og í Djúpadal í Gufudalssveit, f. 1816, d. 28. 8. 03, Þorsteinsson [pr. í Gufudal Þórðarsonar] og k. 25. 9. 41 Guðrún eldri Jónsdóttir b. Djúpadal Arasonar. Verzlm. Þingeyri 1880—94 og Bíldudal 1894—95. Kaupm. á Ísafirði 1895—1916. Rak einnig brauðgerðarhús þar. Afgrm. „Thore"-fjelagsins á Ísafirði. Bæjarftr. mörg ár. Gæzlustjóri Útibús Ísl.banka. D. 26. 3. 1927 í Rvík. K. 29. 9. 88 Steinunn Ragnheiður, f. 20. 7. 66 að Gemlufalli í Dýrafirði, Guðmundsdóttir að Lækjarósi, d. 2. 4. 93, Natanaelssonar.

**Flosi Sigurðsson**, f. 24. 6. 74 í Holtakoti í Biskupstungum. For. S. Guðmundsson b. frá Haukadal, lengst b. í Gröf í Mosf.sveit, og k. Guðrún Þorláksdóttir b. í Neðradal í Biskupstungum Stefánssonar. Lærði trjesmíði 1897—1900 í Rvík. Tók sveinspróf. Eigandi og stjórnandi „Rúllu- og hleragerðar Reykjavíkur" 34 ár. Í stjórn Elliheimilisins „Grund" s.l. 20 ár, „Völundar", Dýraverndunarfjelags Íslands, Styrktarsjóðs iðnaðarmanna, Húsfjelags bindindismanna og Skemmtifjel. I.O.G.T. Gjaldkeri í I.O.G.T.-stúku yfir 20 ár. Í frkvn. Stórstúku Íslands um skeið. K. 14. 6. 02 Jónína, f. 22. 5. 69, Jónatansdóttir, sjómanns á Miðengi á Álftanesi, Gíslasonar.

**Flóvent Jóhannsson**, f. 17. 2. 71 í Bragholti í Eyjafjarðarsýslu. For. J. b. þar Jónsson, frá Syðri-Bakka, og k. Guðrún Jónsdóttir b. Skriðulandi Flóventssonar. Búfr. Hólum 1896. Verklegt nám í Danm. 1901—02. Bústjóri Hólum 1902—05, b. á Sjávarborg 1905—10. Ýmis störf á S.krók 1910—14. Verkstjóri á Siglufirði 1915—29. Hrnm. 1903—10. Útflutningsstjóri hrossa í Skagaf. 1909—14. Fiskimatsm. 1910—



14. Í yfirskattan. Siglufj. 1922—26. Brunaliðsstjóri 1920—38. Bæjarftr. 10 ár. Átti þátt í stofnun Rfj. Nl. Kom upp sjóvarnargarði á Siglufj. 1923 og 1925 og stjórnaði holræsagerð 1924, smíðaði bryggju Ólafsf. 1929. K. 1902 Margrjet, f. 21. 8. 83, Jósefsdóttir járnsm. á Ak. Jóhannessonar.

**Franz** Edvard **Siemsen**, f. 14. 10. 55 í Rvík. For. Edvard N. G. Siemsen, kaupm. og konsúll í Rvík, og k. Sigríður Þorsteinsdóttir lögr.þjóns Bjarnasonar í Eyjum í Kjós Gíslasonar. Stúd. 1875. Cand. juris 1881 og aftur 1882. Settur málflm. við yfirdóminn í Rvík 16. 4. 86 af ráðgjafa Íslands, en áður settur af landshöfðingja 27. 8. 84. Settur sýslum. í Gbr. og Kjósarsýslu 23. 8. 86 og skipaður 5. 11. s. á. Átti heima í Hafnarfirði. Form. skólanefndar Flensborgarskóla 1886—1900. Lausn 12. 6. 99. Fluttist þá aftur til Rvíkur skömmu síðar. Skrifstofumaður hjá amtmanni fyrst og síðar hjá kaupmönnum í bænum. D. 22. 12. 1925. K. 8. 9. 87 Þórunn, f. 10. 4. 66, d. 18. 4. 43, Árnadóttir landfógeta Thorsteinsson.

**Freymóður Jóhann Jóhannsson**, f. 12. 9. 95 í Stærra-Árskógi við Eyjafjörð. For. J. Þorvaldsson frá Krossum, sjómaður og smiður, og k. Hallfríður, f. 15. 9. 66, Jóhannsdóttir á Grund í Þorvaldsdal Magnússonar. Gagnfr. Ak. 1915. Málaranám í Khöfn í Teknisk Selskabs Skole. Sveinsbrjef 1917. Við nám í listaháskólanum í Kh. 1917 og 1918. Nám við kgl. leikhúsið Kh. 1927—29 og í Berlín. Farkennari á Árskógsströnd 1915—16. Málari á Akureyri um hríð. Í stjórn Leikfjelags Rvíkur 1930—33. Frkvstj. og gjk. þess 1932—33. Hefir starfað mikið í I.O.G.T., verið oft Æ.T. o. s. frv. Bús. í Rvík. Listmálari. Rit: Smaladrengurinn, leikr., 1923, leikið í Kanada. Hefir haldið sjálfstæðar málverkasýn. í Rvík, Ak. og víðar hjer á landi, í Stokkhólmi, Khöfn og Odense. Tekið auk þess þátt í sýningum hjer á landi og erlendis. K. 1. 6. 19 Steinunn Margrjet, f. 31. 1. 94, Jónsdóttir b. Ytra-Kálfskinni á Árskógsströnd Guðjónssonar.

**Freysteinn Gunnarsson**, f. 28. 8. 92 í Vola í Árness. For. G. Jónsson, fyrrum b., og k. Guðrún, f. 17. 6. 63, Guðbrandsdóttir b. Kolsholti Brandssonar. Kennarapróf 1913. Stúd. 1915. Cand. theol. 1919. Frh.-nám erlendis 1920—21. Kennari við Kennaraskólann 1921—29. Skólastjóri 1929 og síðan. Rit: Kvæði (1935). Dansk-íslenzk orðabók. Ágrip af setningafræði. Ritreglur. Stafsetningarorðabók. Þýðingar: Nonnabækur, 5 bindi, eftir Jón pater Sveinsson. Hagfræði eftir Gide. Læknirinn eftir V. Heiser. Enn fremur unglinga- og barnabækur. Rit alls 27 bindi. K. 2. 7. 24 Þorbjörg, f. 10. 11. 00, Sigmundsdóttir umsjónarmanns í Rvík Magnússonar.

**Friðbert Friðbertsson**, f. 13. 8. 88 í Vatnadal í Súgandafirði. For. F. Guðmundsson, fyr b. þar, d. 1898, og k. Sigmundína, f. 5. 8. 62, Sigmundsdóttir b. Botni í Súgandafirði Kristjánssonar. Gagnfr. Ak. 1910. Kennarapróf úr Kennaraskólanum. Kennari við barnaskólann á Suðureyri í Súgandafirði og skólastjóri þar síðustu sex árin. Hrn.oddviti